

Alþingi, umhverfis- og samgöngunefnd
Umsagnargátt Alþingis

Ísafirði 15. apríl 2026

Umsögn frumvarp til laga um Leiðarmerki og öryggi siglinga 570. mál 157. löggjafarþing

Þökkun er beiðni umhverfis og samgöngunefndar til Fjórðungssambands Vestfirðinga um umsögn að frumvarpi til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga mál 570.

Við gerð strandsvæðaskipulags fyrir Vestfirði og Austfirði í upphafi þessa áratugar kom í ljós að stjórnýsla varðandi vita og leiðarmerki var með verulegum annmörkum og gat ekki brugðist við þróun með vaxandi staðbundinnar starfsemi s.s. sjókvíaelði, ræktun á skel og þara og vinnsla kalkþörungasetlaga.

Leyfisveitingar til staðbundinnar starfsemi tóku ekki nægjanlega tilliti til öryggi siglinga, en eins skapaði fyrirkomulag vita og leiðamerkjia óvissu fyrir uppbyggingu hinna nýju atvinnugreina og hamlaði þróun þeirra og auknum umsvifum til hagsbóta fyrir land og þjóð.

Með átaki í mati á áhættumati siglinga 2023 - 2025 hefur komist betri stýring á þessi mál og með frumvarpi sem hér er til umsagnar er aðferðarfræði og stjórnýsla málaflokksins sett til betri vegar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur því áherslu á nýta þau tækifæri sem hafa skapast á síðustu árum varðandi nýtingu strandsvæðisins við Ísland. Verið er að skapa ný tækifæri og öflun tekna sem ekki hafa verið til staðar áður. Mikilvægt er að atvinnugreinar sem byggja á staðbundinni staðsetningu fái að þróast s.s. sjókvíaelði, nýting kalkþörungasetlaga, ræktun á skel og ræktun þörungna. Samhliða verði öryggi siglinga um strandsvæðið tryggt og hlutverk og samstarf stofnana sem um það fjalla sé skýrt.

Fjórðungssambandið telur tillögur frumvarpsins séu því til miklilla bóta með vísan til núverandi laga um vitamál nr 132/199, nefna má

- dregið úr óskýrleika verkaskiptinga á milli hinna þriggja stofnana sem fara með málaflökkinn, Vegagerð, Samgöngustofa og Landhelgisgæsla og samstarf þessara aðila
- ákvæði um fasta staðsetningu eru skýrari enn áður og ákvæði um framkvæmt sé áhættumat siglinga á strandsvæðum landsins.

Fjórðungssamband Vestfirðinga tekur undir þau atriði sem Skipulagsstofnun (nú HMS) setti fram og rakin eru í 5. kafla greinargerðar frumvarpsins um nauðsyn á endurskoðun ákvæða um reglugerðar um strandsvæðaskipulag nr 330/2020.

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir sig síðan reiðubúið að funda með umhverfis og samgöngunefnd Alþingis.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.